

Skipulagsskilmálar hesthúsa sunnan Hellissands í Snæfellsbæ, óveruleg breyting í ágúst 2009.

Breytingin tekur til eftirlinna atriða:

- Hesthúsalóðum er fækkað úr fjórum í þjár.
- Bílastæði eru færð og lóðum er hliðrað.
- Byggingarreitum er hliðrað innan lóða í samræmi við nýjan uppréttan loftmyndagrunn.

Að öðru leyti gilda óbreyttir skilmálar.

A svæði sem sýnt er á aðalskipulagi á Hellissandi fyrir tómtundabúskap sunnan Hellissands er gert ráð fyrir uppbyggingu brigga hesthúsa nærrí númerandi æfingasvæði. Sameiginlegt gerði er um miðbik svæðisins. Þegar hefur verið samþykkt deiliskipulag, en hér er um óverulega breytingu að ræða. Hesthúsalóðum er fækkað í þjár, bílastæði eru færð og lóðum hliðrað og byggingarreitum er hliðrað innan lóða í samræmi við nýjan uppréttan loftmyndagrunn. Að öðru leyti gilda óbreyttir skilmálar.

Deiliskipulag er í samræmi við staðfest aðalskipulag af svæðinu sem unnið var 1999, en gengið var frá endanlegrí staðfestingu 2008.

Húsin verði tengd vatnsveit Hellissands og við þau verði rotþrær af viðurkenndri gerð. Við hvert hús verði lokað haugstæði með drenlögn. Ef illa er staðið að hreinsun er hætta á lyktarmengun. Varðandi hreinsun skal fara að ákvæðum reglugerða um meðhöndulun úrgangs. Gert ráð fyrir að Snæfellsbær setji samþykkt um hreinsun og umgengni sem geti verið strangari en reglugerðir.

Húsin verði hæfilega hituð og loftraest á fullnægjandi hátt. Hreinsa skal hús reglulega og gæta þess að starfssemin valdi ekki ónæði.

EKKI er kunnugt um fornminjar á byggingarreitum. Komi annað í ljós skal framfylgja 10. og 13. gr. þjóðminjalaga sem samþykkt voru á Alþingi hinn 20.05.2001.


Byggingaskilmálar.

Syðsta lóðin er 79x58m, en aðrar lóðir 63x58 m að stærð. Byggingarreitir eru 12x33 m og innan byggingarreita má reisa allt að 200 m² heshús á einni hæð. Gólfkötí verði ekki hænni en 0,2 m yfir jarðvegi á hússtæði. Húsin verði með lágreistum þökum, allt að 20° þakhalli. Hæsta leyfilega hæð þaks verði allt að 5,0 m yfir aðalgólf. Lóðunum er úthlutað með teikningu af hesthúsum frá Byggingajónustu bændasamtaka Íslands dagsettar 08.10.2001, sem afhentar eru við úthlutun og skal fylgja þeim í öllum megin atriðum. Litir verði í samræmi við lítanúmer sem byggingarfultruí gefur upp vegna hesthúsa í Snæfellsbæ, en þar er lögð áhersla á jarðliti.

Gerð verði afstöðumynd, þegar fyrirhugað er að byggja á lóðum. Þar verði gerð grein fyrir staðsettningu bygginga innan byggingarreits og útfærslu á rotþró, haugstæði og drenlögn.

Umhverfisáhrif af skipulagi þessu eru óveruleg og staðbundin. Húsin verða samræmd og lágreist. Þau eru því lítið áberandi í umhverfinu. Hesthúsini verða mjó og tryggr það góða loftun, lóðir eru rúmgóðar og auk þess er gerði sem lóðirnar samnýta. Dregið er úr umhverfisáhrifum með því að fella niður nyrstu lóðina sem nær inn á hraun og fallegan hraunbolla.

Talið er aðskilegt að hestamenn geti haft hesta sína í nágrenni við heimili sín. Ef illa er staðið að hreinsun er hætta á lyktarmengun. Því er gert ráð fyrir að Snæfellsbær setji samþykkt um umgengni.



Aðalskipulag Snæfellsbæjar, Hellissandur 1 : 10.000.

Óveruleg breyting deiliskipulags:

Deiliskipulagsbreyting bessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar hinn 3. des. 2009

Bæjarstjórn tekur að/sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í b deild stjórnartíðinda hinn _____

Deiliskipulagsbreyting þessi er unnin á uppréttan loftmyndagrunn frá Hnit ehf.

Deiliskipulag hesthúsavæðis sunnan Hellissands, Snæfellsbæ, óveruleg breyting. Mælikvarði 1 : 2.000 og 1 : 10.000.

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099, husogskipulag@simnet.is
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.Í. kt.080654-4219 Hildigunnur Haraldsdóttir. Dags. 18.11.2008.

Sverrir Ásgeirsson hönnuður FVI

29.01.09. Bílastæðum komið fyrir og texta breytt.

10.07.09. Fækkað um eina lóð. Byggingarreytir færðir, bílastæði færð.